

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978—8922.



Stofnað 1949

- fundur nýkjörinnar stjórnar L.H. 14. nóvember 1991 haldinn í Bændahöllinni við Hagatorg og hófst hann kl. 15:00

Mætt: Kári, Sigbjörn Ágúst, Stefán, Marteinn, Sigfús, Halldór, Sigurður, Kristmundur, Jón, Guðmundur og Elísabet.

- Stjórnin skipti með sér verkum.
Kári stakk upp á Ingimar Ingimarssyni sem ritara og Sigfúsi Guðmundssyni sem gjaldkera, og var það samþykkt.
Farið yfir ályktanir 42. ársþings.
- Eskulýðsstarfið. Síðasta ársþing samþykkti að leggja bæri aukna áherslu á æskulýðsstarfið.
Ákveðið var að senda félögunum fyrirspurnarbréf þar sem kannaðar væru óskir hestamannafélaganna varðandi æskulýðsstarfið og störf vœtanlegra æskulýðsfulltrúa.
- Tillaga á þingskjali nr. 15, um sjálfstæða einkunnagjöf við dóma á kynbótahrossum. Stjórnin óskar eftir að Bí taki þetta til athugunar.
- Þingskjal nr. 23 frá fræðslu- og útgáfuneftnd um námsefni í hestamennsku fyrir framhaldsskóla og skipun millibinga-nefndar í því sambandi.
Ákveðið var að fræðslu- og útgáfuneftnd, starfaði áfram og skilaði af sér drögum að fræðsluefni fyrir 1. mars n.k.
- Stjórnin samþykkti að senda Ólafi B. Schram samþykkt síðasta landspings, þar sem þetta framtak hans er talið lofsvert og hann hvattur til að halda áfram á sömu braut.
- Vœtanleg er ný "Áfangabók" á næsta vori ef allt fer að vonum og verður þar tekið fyrir, Borgarfjörður, Mýrar, Snæfellsnes, Dalir og Húnabing.
- Rætt var um "Jóreykinn" en fyrir liggur þingssamþykkt um að senda hann öllum félagsmönnum L.H. tvísvar til þrisvar á ári. Ljóst er að þessu fylgir umtalsverður kostnaður 50-60 búsund gæti sendingakostnaður verið í hvert sinn. Sigurður Þórhallsson benti á þann möguleika að fá eina síðu í hestablöðum til að flytja fréttir frá stjórn L.H. og væri það ódýrari kostur.
Ákveðið var að reyna þessa leið frekar þ.e.a.s. að nýta hestablöðin sem upplýsingamiðil og bent á í því sambandi að í fjárhagsáætlun er ekki gert ráð fyrir þeim viðbótar-kostnaði sem fylgir útgáfu "Jóreyks".

8. Þingskjal nr. 24 um reiðleiðir meðfram stofnbrautum. Ákveðið var að fara fram á það við samgöngumálaráðuneytið að koma á laggirnar nefnd þeirri sem vinna skal að reiðvega-áætlun sbr. bréf ráðuneytisins frá 13.05.91 til L.H.
9. Þingskjal nr. 25 um reiðleiðina um Þjórsárbakka. Stjórnin telur sér ekki fært að leggja fjármagn í þetta verkefni, en er boðin og búin til að aðstoða við að ná samkomulagi og niðurstöðu í umrætt mál.
10. Nokkur umræða varð um rimlahlið og þá hættu sem hrossum stafar af þeim. Nauðsynlegt hlýtur að teljast að koma upp glöggum merkingum í námunda við slík hlið.
11. Þingskjal nr. 27 frá hestamannafélaginu Sóta um lagningu reiðvega frá Álftanesi að Engidal í Garðabæ og aðstoð stjórnar L.H. í viðræðum við bæjaryfirvöld í Garðabæ. Fram kom í umræðu um þetta mál að mjög erfitt er fyrir stjórn L.H. að beita sér í svo sérstöku máli sem þetta er og enda fordæmisgefandi. Ákveðið var að fela skrifstofunni að kanna stöðu þessara mála fyrir næsta fund.
12. Um skipulagsmál L.H. Tillaga er lýtur að eflingu samstarfs heima í héraði. Tillaga þessi verði kynnt hestamannafélögunum. Ákveðið var að taka að nýju upp svæðisfundi til að efla tengsl milli félaga og stjórnar.
13. Þingskjal nr. 6 um þinghald annað hvert ár er vísað heim til félaganna og verði ályktunum þeirra komið til stjórnar fyrir 1. apríl 1992.
14. Þingskjal nr. 9 um niðurröðun móta. Mótanefnd L.H. vinnur hér eftir sem hingað til að farsælli lausn þeirra mála.
15. Þingskjal nr. 10 um lyfjapróf á keppnishrossum. Stjórnin mun síðar skipa nefnd til að vinna að þessu máli sbr. tillöguna. Stjórnarmenn hvattir til að huga að nefndarskipan. Ábending kom um Guðbrand Kjartansson.
16. Umhverismálanáðuneyti boðar til ráðstefnu 22. nóv. n.k. og verður þar fjallað um samgöngur. Formaður mun mæta þar og kynnir þar samgöngumál hestamanna.
17. Skrifstofa L.H. hefur tekð á leigu 30m^2 geymslurými í Selmúla.
18. Formaður gat um nýafstaðið þing HÍS en þar mætti Sigfús Guðmundsson fyrir hönd L.H. Einnig var þar mættur Sigurður framkvæmdastjóri. Þarna kom fram tillaga er snertir L.H. áþreifanlega, en hún gengur út á samruna L.H. og HÍS. Vænta má erindis frá HÍS um þetta mál.

19. Formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri áttu fund með hluta af fjárlaganefnd Alþingis. Þar kynntu þeir þremenningar málefni samtakanna og töldu þeir sig fá góðar undirtektir og voru heldur vongóðir um árangur.
20. Sumarbúðir - æskulýðsmót FEIF á Þingvöllum 17.-26. júlí 1992. Ágúst Oddsson greindi frá undirbúningi og væntanlegri dagskrá.

Fundi slitið kr. 18:30

Kári Arnórsson
Jón Bergsson

Ingimar Ingimarsson
Guðmundur Jónsson
Sigfús Guðmundsson
Halldór Gunnarsson
Sigbjörn Björnsson
Elísabet Þ. Þórólfsdóttir
Ágúst Oddsson
Stefán Bjarnason
Marteinn Valdimarsson.